

8.04. 2022

Bt. Fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Flutningur „Glæsivalla“ af skólalóð Hraunvallaskóla

Óskað er eftir að fræðsluráð samþykki flutning á tveimur lausum skólastofum af skólalóð Hraunvallaskóla. Umræddar skólastofur, sem ganga undir nafninu „Glæsivellir“, eru ekki í notkun lengur og ekki er fyrir séð þörf fyrir þær í nánustu framtíð þar sem nemendafjöldi skólans hefur náð jafnvægi og allir nemendur skólans rúmast núna í aðalbyggingu. Skólastofurnar skerða leiksvæði nemenda á skólalóð töluvert en þær voru settar niður á körfuboltavöll sem nemendur skólans vilja fá til baka. Það er því mikilvægt að auka gæði skólalóðar Hraunvallaskóla með því að fjarlægja umrædd hús og setja nýjan körfuboltavöll í staðinn. Skólaráð Hraunvallaskóla hefur einnig fjallað um málið og styður umrædda ósk.

Virðingarfyllst, Lars Jóhann Imsland, skólastjóri Hraunvallaskóla

Lars Imsland

